

Nesfréttir

NÓVEMBER 2021 • 11. TBL. • 34. ÁRG. • www.borgarblod.is

Erum einnig á visir.is



Vesturbæjarútibú við Hagatorg



Á þessu ári eru 50 ár liðin frá stofnun Rótaryklúbbs Seltjarnarness. Af því tilefni var haldin hátíðarkvöldverður Rótaryklúbbs Seltjarnarness á Nauthóli 23. október sl. í tilefni afmælis klúbbsins.

Á myndinni eru f.v. Haraldur Ólafsson, Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Björgólfur Thorsteinsson, Sjöfn Þórðardóttir, Ólöf Sigvaldadóttir, Erlendur Magnússon, forseti Rótaryklúbbs Seltjarnarness og Ásdís Helga Bjarnadóttir, umdæmisstjóri Rótary á Íslandi. Nánari umfjöllun um Rótaryklúbb Seltjarnarness er á bls. 10.

Opið
8-24
alla daga
Á EIDISTORGI
HAGKAUP

- Viðtal við
Hildigunni Gunnarsdóttur
- bls. 8-9

Gleðilega
happahátíð!

Jóladagatalið
er komið í sölu



Skannaðu
QR kóðann



Happaprennan

Skemmtilegt að skafa!

VIÐ VILJUM AÐ ALLAR
GJAFIR HITTI Í MARK

Skilaréttur með jólastíptímiða
er til og með 31. jan. 2022



ELKO

Góð þjónusta – Hagstætt verð

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18
Laugardaga: kl. 10-17

Reykjavíkur  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Í gamla Héðinshúsinu, Seljavegi 2

Nesfréttir

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð ehf, Eiðistorgi 13-15, 172 Seltjarnarnes, Pósthólf 171. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMADUR: Kristján Jóhannsson

BLAÐAMADUR: Þórður Ingimarsson UMBROT: Valur Kristjánsson

NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Viðsnúningur

Ídrögum að fjárhagsáætlun sem nú liggur fyrir bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar er gert ráð fyrir að rekstrarafgangur bæjarsjóðs geti orðið um 1,5 milljónir króna.

Gangi þessar væntingar eftir er um verulegan viðsnúning í rekstri bæjarins að ræða. Þá er skuldaviðmið aðeins 67% eða 58% af hámarki sem er 150%

Seltjarnarnesbær hefur með samningum við ríki losnað undan rekstri hjúkrunarheimilisins og samningur við Reykjavíkurborg um afnot af íþróttamannvirkjum hafa létt rekstrarstöðu bæjarins.

Nú viðist stefnt að því að byggja mun ódýrari leikskólamanvirkni en verðlaunatillaga sem kynnt var á sínum tíma gerði ráð fyrir og kosta myndi milljarða.

Seltjarnarbær hefur löngum státað af lægri innheimtuprósentu útsvars en flest ef ekki öll nágrannabæjarfélögin eða 13,7% þar sem lögbundið hámark er 14,52%. Seltjarnarnesbær er einnig með lægsta álagningarstuðul fasteignaskatts á landinu eða 0,175%.

Þetta mega heita forréttindi sem margir Seltirningar vilja halda í. Þau hafa hins vegar stundum skapað ákveðna erfiðleika í rekstri. Tekjur hefur skort til að standa undir verkefnum. Þær þarf að finna og horft er til íbúafjölgunar með tilkomu Byggarða.

Seltjarnarbær er ekki á hausnum eða stefnir í gjaldþrot. Viðsnúningur er til marks um betri starfsskilyrði. Í fámenn sveitarfélagi er hins vegar nauðsynlegt að halda vel á spöðum og gæta að hverri krónu sem kemur í kassann og fer aftur út úr honum. Tækifæri geta leynst víða.

Fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar fyrir 2022

- jákvæð rekstrarniðurstaða um
1,5 milljónir króna



Tekjur Seltjarnarnesbæjar eru áætlaðar 5.139 milljónir króna á næsta ári. Gjöld bæjarfélagsins eru áætluð 4.826 milljónir króna. Niðurstaða án fjármagnsliða og afskrifta er 314 milljónir króna, afskriftir eru 189 milljónir króna og fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld): -123 milljónir króna. Gert er ráð fyrir að rekstrarniðurstaða verði jákvæð: 1,5 milljónir króna.

Þetta kom fram við fyrri umræðu um fjárhagsáætlun bæjarfélagsins í bæjarstjórn Seltjarnarnesbæjar. Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri fylgdi frumvarpi að fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar fyrir árin 2022 til 2025 úr hlaði. Bæjarstjóri lagði fram greinargerð þar sem helstu markmið og niðurstöður eru raktar nánar. Hún lagði síðan til að vísa frumvarpinu til frekari umræðu í bæjarráði og síðari umræðu í bæjarstjórn þann 24. nóvember nk.



Erum á Óðinsgötu 1

Sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid

Netverslun: systrasamlagid.is



TÍMALAUS ÍSLENSK HÖNNUN



AS WE GROW



WWW.ASWEKGROW.IS

Nesdekk - í næsta nágrenni!

Réttu dekkin draga fram bestu
eiginleika bílsins og veita
hámarks öryggi við misjöfn
akstursskilyrði.

Fáðu ráðleggingar fagmanna
við val á réttum dekkjum.



Birt með fyrirvara um mynd- og textabreytingi.



Toyo Pirelli Laufenn Maxxis Mastercraft Nankang Double Coin



Bókaðu tíma og skoðu dekkjaúrvalið á nesdekk.is

Ekki lenda í biðröð. Þú sparar tíma með því að bóka tíma.

Nesdekk

Fiskislóð 30 / 101 Reykjavík / 561 4110 / Tímabókun

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200

Ungbarnaleikskóli í gamla Mýró



Nýr ungbarnaleikskóli í gamla Mýrarhúsaskóla.

Nýr ungbarnaleikskóli opnaði fyrsta október sl. í gamla Mýrarhúsaskóla. Skólinn er fyrir börn á öðru aldursári til tveggja ára og heitir deildin Kríuból. Um er að ræða sjálfstæða fag- og rekstrareiningu á vegum Seltjarnarnesbæjar. Leikskólastjóri er Harpa Frímansdóttir, grunnskólakennari og eru starfsmenn leikskólans fimm talsins.

Átta börn eru í skólanum og gekk aðlögun þeirra virkilega vel. Leikskólafarir hefur farið vel af stað þennan fyrsta mánuð. Á næstunni verða svo fleiri börn tekin inn. Lögð er áhersla á að börnin læri í gegnum leik, sköpun, útveru og málrækt.

Endurbætur voru gerðar á húsnæði og lóð skólans áður en að hann opnaði. Útísvæðið er orðið mjög fallett og hentar einkar vel aldurshópnum. Öryggisins vegna voru gúmmimottur lagðar sem undirlag útísvæðisins og settar voru upp rólur, rennibraut, sandkassi og bíll. Innandyra eru húsgögn frá Krumma en öll borð, stólar og annar búnaður eru í réttri hæð fyrir börnin. Leikskólinn hefur auk þess yfir að ráða kerrum svo hægt er að fara með börnin í leiðangur um nærumhverfið sem og í íþróttahúsið þar sem börnin eiga tíma í fimleikasalnum einu sinni í viku. Fyrstu leikskólabornin spjara sig greinilega vel og upplífa nýjan heim í samvistum við jafnaldra.



Á kortinu má sjá yfir hvaða svæði endurbæturnar ná til.

Endurbætur á gatnamótum Suður- strandar og Nesvegs

Umfangsmiklar framkvæmdir eru hafnar við endurbætur gatnamótanna við Suðurströnd og Nesveg sem hafa verið í undirbúningi um þó nokkurt skeið. Framkvæmdin er tvíþætt: Annars vegar er um að ræða endurnýjun umferðarljósabúnaðar. Hins vegar endurbætur gatnamótanna með sérstöku tilliti til öryggis gangandi og hjólandi vegfarenda sem og fegrunar götunnar.

Framkvæmdin felur í sér breikkun stíga og bætt aðgengi sjónskertra. Umferðar-eyjur verða endurgerðar, stígar breikkaðir og lýsing endurbætt. Umferðarljósinn verður endurnýjuð með tilheyrandi jarðvinnu, skurð- og strenglögnum ásamt yfirborðsfrágangi. Seltjarnarnesbær og Vegagerðin eru verkkaupar að framkvæmdinni. VSÓ Ráðgjöf sá um alla hönnun en Loftorka sér um framkvæmdina. Áætluð verklok eru í desember 2021.

Á meðan á framkvæmdunum stendur verða settar upp greinargóðar merkingar og umferð gangandi og akandi verður lítið skert hins vegar hvetjum við alla til að fara varlega og sýna tillitsemi á verkstað. Foreldrar eru enn fremur hvattir til að upplýsa börn sín. Gangbrautarvarsla verður á morgnanna út allan verktímann.



Grant Thornton

Endurskoðun • Skattur • Ráðgjöf

Grant Thornton endurskoðun ehf. er íslenskt aðildarfélag Grant Thornton International Ltd., sem er eitt af fremstu alþjóðlegu samtökum sjálfstæðra endurskoðunar og ráðgjafarfyrirtækja. Grant Thornton endurskoðun ehf. sérhæfir sig í að aðstoða rekstraraðila við að nýta tækifæri til vaxtar og bættar afkomu með skilvirkri ráðgjöf. Framsýnn hópur starfsmanna, undir stjórn eigenda, sem ávallt eru aðgengilegir viðskiptavinum, nýta þekkingu og reynslu sína til að greina flókin málefni og finna lausnir fyrir viðskiptavinum sínum, hvort sem það eru einkarekin, skráð félag eða opinberar stofnanir. Yfir 35.000 starfsmenn Grant Thornton fyrirtækja í meira en 100 þjóðlöndum, leggja metnað sinn í að vinna að hag viðskiptavina, samstarfsmanna og samfélagsins sem þeir starfa í.

www.grantthornton.is



KOMDU MEÐ BÍLINN
Í TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málningarverkstaði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málningarverkstaði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun

Við skoðum bíllinn og undirbúum tjónamatið sem sent er til tryggingafélaga.



Rétting og málning

Við vinnum eftir stöðlum framleiðenda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Framrúðuskipti

Skiptum um framrúður og önnurnst annars konar rúðuskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bíl.



Smáviðgerðir

Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slitflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.



Dragháls 6-8
110 Reykjavík
sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is
www.tjon.is

DAGSKRÁ DESEMBER 2021

29. nóvember – 23. desember
JÓLARATLEIKUR

ÞEKKIR ÞÚ ALLA ÍSLENSKU JÓLASVEINANA?
TAKTU ÞÁTT Í JÓLARATLEIK BÓKASAFNSINS.



2. desember kl. 17.00 – 18.30
GALLERÍ GRÓTTA - SÝNINGAROPNUN



Ásdís Kalman myndlistarkona
opnar myndlistarsýninguna
LJÓSBROT í Gallerí Gróttu.
Sýningin stendur til 8. janúar.



7. desember kl. 17.30 – 18.30
BÓKMENNTAKVÖLD



Ingólfur Eiríksson les upp úr og
fjallar um bók sína **Stóra bókin
um sjálfsvorkunn**.

Bókin fjallar í senn um þar að stíga
sín fyrstu skref í heimi fullorðinna,
gömul fjölskylduleyndarmál og
ungan mann sem bísar við að
koma lífi sínu á réttan kjöl.

11. desember kl. 11.00 – 14.00
JÓLAFÖNDUR - RÚDOLF MEÐ RAUÐA NEFIÐ



Sæunn barna-
bókavörður
býður börnum og
fjölskyldum þeirra
upp á skemmtilegt
jólaföndur.

1. desember kl. 17.00 – 17.30
JÓLASÖGUSTUND FYRIR YNGSTU BÖRNIN



Lesnar verða
jólasögurnar **Tíu
litlir jólasveinar**
eftir Sabine
Kullermann og
Achim Ahlgrimm
og **Jólatertan** úr
jólaævintýrum
bangsabarnanna.

6. desember kl. 20.00
SELGARNANES OG NÁGRENNI



Áhugafólk um
hannyrðir hittist
einu sinni í
mánuði og á
notalega stund
saman við
handavinnu.
Allir velkomnir.
Nánar á FB:
**SELGARNanes
og nágrenni**.

9. desember kl. 17.00 – 18.30
JÓLATÓNSTAFIR - JÓLAHÁTÍÐ - JÓLASVEINAR



**Strengjasveit frá Tónlistar-
skólanum** spilar jólahátíðina inn.

Skemmtilegustu jólasveinarnir
koma í heimsókn og skemmta
sér og börnunum eins og þeim
einum er lagið.

Birt með fyrirvara um breytingar
vegna samkomutakmarkana!

ATH! Bókasafnið verður **LOKAÐ** föstudaginn
10. desember vegna starfsmannafundar.



**Bókasafn
Seltjarnarness**

Opnunartími: Mán. - fim. 10-18.30 og fös. 10-17. Lau. 11-14.
Sími: 5959-170, Netfang: bokasafn@seltjarnarnes.is

  Bókasafn Seltjarnarness

Opinn íbúafundur um fjármál Seltjarnarnesbæjar

Margt er á herðum bæjarins

Sjálfstæðisfélag Seltirninga stóð fyrir opnum íbúafundi um fjármál Seltjarnarnesbæjar þann 2. nóvember sl. Fundinum var ætlað að varpa ljósi á raunstöðu bæjarsjóðs án upphrópana eða pólitísks áróðurs. Örn Viðar Skúlason formaður félagsins stýrði fundi og formælendur voru þau Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri, og Magnús Örn Guðmundsson, formaður bæjarráðs.

Ásgerður tók fyrst til máls og rakti ýmis lögboðin verkefni sem bænum ber að sinna samkvæmt lögum. Félags- og fræðslumál skipa þar stærstan sess eða um 85% af útgjöldum bæjarins en Ásgerður tók fram að bærinn sinni þeim málaflokkum af ábyrgð og stolti.

Framkvæmdir og endurbætur

Ásgerður fjallaði því næst um ýmsar framkvæmdir á vegum bæjarins undanfarin ár. Oft vill gleymast í umræðunni hvað er og hefur verið gert. Helst má nefna hjúkrunarheimilið Seltjörn, fimleikahús, endurnýjun á Mýrarhúsaskóla, endurbætur á heilsugæslustöð, uppbyggingu sjóvarnargarða, endurnýjun borholu, bætt umferðaröryggi og margt fleira. Að lokum reifaði Ásgerður hvaða verkefni bíða bæjarins en þar má nefna nýja íbúabyggð við Bygggarða og sambýli á Kirkjubraut. Ásgerður kvaðst vera stolt af sínum störfum og sagði að Seltjarnarnesbær væri öflugt bæjarfélag.

Krónur og aurar

Magnús Örn Guðmundsson, formaður bæjarráðs tók næstur til máls og fór ofan í kjöllinn á efnahag bæjarins. Seltjarnarnesbær er með

fjórðu hæstu útsvarstekjur á íbúa á landinu þrátt fyrir að útsvarið sé lægra en víðast hvar eða 13,7%. Til til samanburðar er útsvarið í Reykjavík í lögbundnu hámarki, 14,52%. Þessi munur skilar venjulegri fjölskyldu í bænum um 100 þúsund krónum meira í þyngjuna á ári hverju.

Hvaðan koma peningarnir?

Tekjur bæjarsjóðs, svonefnds A-hluta, án t.d. hitaveitunnar, eru 4.357 millj. kr. á ári. Útsvars- og fasteignaskattur standa undir 78% af þeirri fjárhæð eða 3.404 m.kr. en aðrar tekjur 14% og framlög úr jöfnunarsjóði 7%. Þess er að geta að Seltjarnarnesbær er með lægsta álagningarstuðul fasteignaskatts á landinu eða 0,175% sem er afar mikilvægt í ljósi nærri því gegndarlausra verðhækkana á fasteignamarkaði undanfarin ár.

Í hvað fara peningarnir?

Þyngst vega fræðslumál, þ.e. skólar og leikskólar, eða 56%, en félagsþjónusta útheimtir 17% af útgjöldum bæjarins. Æskulýðs- og íþróttamál fylgja fast á eftir með 15%. Má með sanni segja að tekjum bæjarins sé að miklu leyti ráðstafað fyrirfram með þeim verkefnum sem bænum eru falin lögum samkvæmt.

Magnús Örn fjallaði um ýmsar áskoranir sem bærinn hefur staðið frammi fyrir undanfarin ár. Launagjöld, sem eru um 60% af útgjöldum, hafa hækkað umtalsvert en Magnús áréttaði að bærinn kveinkaði sér ekki undan því. Hlutur félagsþjónustu hefur aukist talsvert og þá hefur heimsfaraldur kórónuveirunnar sett verulegt strík í reikninginn.

Staðan er góð

Magnús Örn lagði áherslu á að staða bæjarsjóðs væri, þrátt fyrir allt, góð. Engin langtímalán hefðu verið tekin á síðasta ári og veltufé frá rekstri hefði numið 250 milljónum króna. Fyrir leikmenn þýðir það að bærinn er ekki rekinn á lántökum. Til samanburðar má benda á nágretta okkar í Reykjavík þar sem skuldir hafa aukist um 70% á síðasta áratug og um þriðjung, eða 100 milljarða króna á einungis fjórum árum.

Ætlaður halli á rekstri bæjarins árið 2021 er 200 millj. kr. sem ber ríkan keim af COVID-19 faraldrinum líkt og í fyrra en þá var beinn kostnaður vegna faraldursins 170 millj. kr. Magnús sér hins vegar fyrir sér viðspyrnu framundan samfara hagvexti og hærra atvinnustigi.



Formælendur á fundinum voru þau Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri og Magnús Örn Guðmundsson, formaður bæjarráðs.



Séð til Gróttu. Tölvugerð mynd af fyrirhuguðu nýju íbúðahverfi við Bygggarða er sett inn á myndina.

Eignir bæjarins

Eignir bæjarins eru 9.670 millj. kr. en skuldir 2.770 millj. kr. Að teknu tilliti til a) samnings um rekstur hjúkrunarheimilisins, og samnings við Reykjavíkurborg um fimleikahúsið eru nettó skuldir bæjarins 1.200 m.kr. Lántökur bæjarins skýrast af byggingu þessara mannvirkja auk uppgjörs við lífeyrissjóðinn Brú vegna SALEK samkomulagsins.

Skuldaviðmið er 58% af hámarki

Skuldaviðmið bæjarins er 67% en rétt er að geta þess að hámarkið er 150%. Allt tal um að bærinn sé „á hausnum“ er haldlaust að mati Magnúsar. Staðan gæti hins vegar verið virkilega slæm ef ekki hefði verið haldið vel á málum gagnvart t.d. hjúkrunarheimili, fimleikahúsi og Læknaminjasafni.

Framundan eru ýmis verkefni, svo sem búsetukjarni fyrir fólk með fötlun, nýr leikskóli, Gróttubyggð við Bygggarða ásamt ábyrgri fjárhagsstjórn.

Spurningar úr sal – skattamál og leikskóli

Af mörgum beittum spurningum má helst nefna þessar. Aðspurð um hækkun útsvars og eða fasteignaskatts sögðu Ásgerður og Magnús Örn að ekki væri á stefnuskránni að auka álgögur á íbúa.

Spurt var um nýjan leikskóla og kom skýrt fram að hann væri næstur á dagskrá. Ýmislegt hefði tafið það mál, t.d. sú staðreynd að þau plön sem lagt var upp með, þ.e. nýjan 300 barna leikskóla, myndu líklega kosta yfir 3,5 milljarða kr. og það væri hreinlega alltof stór biti fyrir bæinn. Skynsamlegra væri að byggja 150 barna leikskóla fyrir líðlega 1 milljarð kr. til að byrja með og nýta Mánabrekku sem var opnuð 1996 eitthvað áfram. Á fundinum kom fram mikil ánægja með nýjan ung barnaleikskóla frá foreldrum.

Fundurinn þótti takast vel en greinilegt er að umræðu um fjármál bæjarins lýkur víst aldrei.

Íslensk framleiðsla fyrir íslenskt veðurfar

Vandaðir krossar á leiði!

3ja ára ábyrgð

JS LJÓSA SMÍÐJAN
VÉLAVERKSTÆÐI
SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTAN

Skemmuvegi 34 - 200 Kóp. Sími 554 0661



aurum
BY
GUÐBJÖRG

www.aurumiceland.com
Bankastræti 4, 101 Reykjavík

Nauðsynlegt að láta verkin tala

Hildigunnur Gunnarsdóttir náms- og starfsráðgjafi og framhaldsskólakennari í Kvinnaskólanum í Reykjavík spjallar við Nesfréttir að þessu sinni. Hildigunnur er fædd og uppalin í Vesturbænum en hefur búið um fjögurra áratuga skeið á Seltjarnarnesi. Hildigunnur hefur einnig sinnt ýmsum málefnum á Seltjarnarnesi og má þar nefna fimleikabjálfun hjá Gróttu og margvísleg störf í þágu barna og ungmenna og eldri bæjarbúa. Hún er formaður Notendaráðs fatlaðs fólks á Nesinu, en því var komið á fót í tengslum við flutning málaflokksins til sveitarfélaga. Tíðindamaður hafði ekki setið lengi með Hildigunni á Kaffi Örnju þegar hann fann hversu hún brennur fyrir því sem hún tekur sér fyrir hendur.

„Við fluttum hingað á Nesið á árinu 1981. Við maðurinn minn Ásbjörn Jónsson erum bæði Vesturbæingar. Ég er uppalin á Lynghaganum en hann kemur af Meistaravöllunum. Við fórum því ekki langt frá æskustöðvunum þegar við fluttum á Nesið. Og það var ekkert annað sem ýtti okkur þangað en leit að húsnæði. Þá var stóra blokkin við Norðurströndina, sem stundum var kölluð „Hornbjargið“ nýlega byggð og hægt að festa kaup á glænýrri íbúð. Síðan höfum við fært okkur til á Nesinu og erum nú á Melabrautinni. Ég starfa við Kvinnaskólann og hann rekur fyrirtækið Fiskkaup í Örfirisey. Við getum að því leyti ekki verið betur staðsett.“

Lífsgæði í nálægðinni

En hvað segir Vesturbæingurinn Hildigunnur að öðru leyti um Seltjarnarnes. „Mér finnst við búa í frábæru samfélagi. Öll börnin okkar þrjú eru fædd hér á Nesinu og hafa alist hér upp. Strákarnir eru báðir farnir að heiman en hafa ekki farið langt, búa á Nesinu og dóttirin sem er yngst er enn heima. Nærumhverfið er mjög gott. Í ekki stærra bæjarfélagi en Seltjarnarnes er nálægð fólks mikil. Ég segi ekki að allir þekki alla en margir kannast við marga. Hér er stutt í skóla og allt félags- og íþróttastarf fyrir krakkana. Allt er í göngu- og hjólréiðafæri. Hér er því lítið um skutl með krakka sem getur verið talsverður baggi í fjölmennari byggðum, svo ekki sé minnst á kolefnasporið. Ekki má heldur gleyma því að þótt Seltjarnarnes sé sérstök byggð og bæjarfélag að þá er byggðin í miklu nágrenni við miðju höfuðborgarinnar. Miklið nær henni en mörg hverfi í Reykjavík. Í þessu felast mikil lífsgæði.“

Fimleikarnir óþekkt stærð

Hildigunnur hefur meðal annars starfað sem fimleikabjálfi. Hún var fyrsti bjálfi og formaður fimleikadeildar Gróttu. Hún kveðst haf fengið fólk á sínum aldri í lið með sér og áhuginn hafi fljótt komið í ljós. Öflug fimleikadeild hafi sprottið upp. „Ég tel að fimleikarnir hafi dálítið vanmetnir en



Hildigunnar Gunnarsdóttir.

Hér er stutt í skóla og allt félags- og íþróttastarf fyrir krakkana. Allt er í göngu og hjólréiðafæri. Hér er því lítið um skutl með krakka sem getur verið talsverður baggi í fjölmennari byggðum. Ekki má heldur gleyma því að þótt Seltjarnarnes sé sérstök byggð og bæjarfélag þá er byggðin í miklu nágrenni við miðju höfuðborgarinnar.

upp úr þessi hafi verið farið að veita þeim meiri athygli. Ég get því talið mig brautryðjanda á þessu sviði.“ En fimleikarnir voru ekki það eina sem Hildigunnur brann fyrir eftir að hún fluttist á Seltjarnarnes. „Ég fór fljótleg að velta fyrir mér með hvaða hætti mætti bæta mannlífið hér á Nesinu. Ég var virk í íþróttahreyfingunni og hafði einnig kynnst æskuljósmálum. Meðal annars verið forstöðumaður í Tónabæ. Ég hef alltaf fundið hversu samfélagsleg ábyrgð er ríkur þáttur í persónu minni og skapgerð og mér er eiginlegt að fylgja því eftir eins og ég get. Mér

fannst til að mynda mikilvægt að taka þátt í foreldraröltinu á Nesinu, því sýnileik fullorðinna hefur forvarnargildi í málefnum barna og unglinga og í Selinu fer fram mikilvægt forvarnarstarf sem ber að halda vel utan um.

Formaður notendaráðs

En hvað er Hildigunnur að fást við þessa dagana fyrir utan dagleg kennslustörf. Fyrst ber að nefna formennsku í notendaráði fatlaðs fólks. „Þetta hófst með því að málefni fatlaðs fólks voru flutt frá ríkinu til sveitarfélaganna án þess þó að sérstakir fjármunir fylgdu með. Hlutverk notendaráðsins er að vera vettvangur samráðs og samstarfs við sveitarfélögin um hagsmuni fatlaðs fólks. Markmiðið er að gefa fötluðu fólki tækifæri að hafa áhrif á þá þjónustu sem því stendur til boða. Við höfum þegar lagt fram og samþykkt reglur Seltjarnarnesbæjar um stuðning við börn og fjölskyldur þeirra sem eru með langvarandi stuðningsþarfir og í vinnslu eru samskonar reglur fyrir fullorðna.

Var í framhaldsnámi með Árna Einars

Hildigunnur hefur haft nokkur afskipti af stjórn málam á Nesinu þótt hún sé ótengd stjórn málaflokki eða afli sem stendur. „Ég starfaði með Neslistanum um tíma. Þetta kom til því að Árni Einarsson sem lengi var drifjöðrin í því starfi og bæjarfulltrúi er skólabróðir minn. Við vorum saman í framhaldsnámi og höfum bæði mikinn áhuga á uppeldis- og menntamálam. Við kynntumst í náminu og Árni hafði trú á mér. Fékk mig eiginlega í þetta og var ég meðal annars í skólanefnd, íþrótt- og tómsundaneind, jafnréttisnefnd og öldungaráði. Nú starfa ég sem formaður notendaráðsins og stefni að því að verða að gagni. Að láta verkin tala eins og mér er samt að gera, frekar en að tala um verkin mín.“

Tölvunotendanámskeið fyrir 60 plús

Hildigunnur stóð fyrir námskeiði fyrir eldri borgara á Seltjarnarnesi sem fór fram í apríl fyrr á þessu ári. Námskeiðið fjallaði um notkun samskiptamiðla á netinu í tómsundum fyrir 60 ára og eldri. Hún segir margt eldra fólk með góða starfsorku þótt það sé komið á eftirlaun og vanti oft áhugasvið verkefni. „Á námskeiðinu var farið yfir notkun á helstu samskiptamiðlum. Þar á meðal Facebook, Messenger, Face time og Snapchat. Nemendum var kennt að “gúggla” eða leita eftir fróðleik á netinu. Fólk var bent á að kanna styrkleika sína og áhugasvið. Hugmyndin að baki námskeiðinu var fyrst og fremst að hjálpa þátttakendum að læra á og hagnýta sér ýmsa afræna miðla til að öðlast þekkingu á og bæta við það sem fyrir var. Á lokadegi námskeiðsins fóru fram verklegar æfingar þar sem meðal annars



Hildigunnur og Ásbjörn ásamt börnum sínum. Myndin var tekin þegar dóttirin útskrifaðist úr Versló.

var farið í hvernig fólk skráir sig til þátttöku á námskeiðum á netinu. Í málefnum eldri bæjarbúa stefnum við síðan að því að fara í starfspeglun (e. job shadowing) til Litháen til að kynna okkur

stefnumótun í notkun eldra fólks á rafrænum miðlum í tengslum við nám á netinu, en til þess hef ég fengið Erasmus-styrk.

Í alþjóðlegu samstarfi

Hildigunnur sinnir ekki aðeins málefnum fatlaðs fólks og eldri borgara á Seltjarnarnesi um þessar mundir heldur auk þess kennslu og ráðgjöf við Kvennaskólann. Þar hefur hún tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi. „Alþjóðlegt samstarf hefur lengi skipað stóran sess í skólastarfinu í Kvennaskólanum. Starfsfólk og nemendur hafa sýnt mikinn metnað í hinum ýmsu verkefnum og er slíkt samstarf orðinn ómissandi þáttur í skólastarfinu.“ Eitt slíkra verkefna er Student Voices: Revitalising the school system, sem hlaut Evrópuverðlaun fyrir nýsköpun í kennslu. Verkefnið var samstarfsverkefni grunn- og framhaldsskóla í þremur löndum; Íslandi, Danmörku, og Finnlandi. Auk Kvennaskólans tók Landakotsskóli þátt í verkefninu á Íslandi ásamt Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar og þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða. „Við unnum nokkrar að þessu á vegum Kvennaskólans en verkefnið miðaði að því að finna nýjar leiðir í nálgun og kennslu raungreina með því að koma á opnu samtali milli kennara og nemenda og gefa nemendum þannig rödd í eigin námi. Auk þess var ýmsum aðferðum beitt til að hlusta á raddir nemenda, vinna með þær og þróa kennsluáferðir. Verkefnið var verðlaunað fyrir að vera vel heppnað dæmi um hvernig kennarar geti tileinkað sér nýjar aðferðir og nemendur tekið virkari þátt í námi sínu og þannig tekið enn meiri ábyrgð á því.“ Kaffið var löngu búið. Hildigunnur stóð upp og þakkaði fyrir spjallið. Trúlega var vinnudegi hennar ekki lokið.

Kjötkompaní

TILBÚIN
JÓLAHLAÐBORD

Stórveisla heima
án fyrirhafnar

kjotkompani.is/jolin *Munið að panta tímanlega*

www.kjotkompani.is ☎ 578 9700 ✉ kjotkompani@kjotkompani.is 🍷 kjotkompani

Rótarýklúbbur Seltjarnarness 50 ára

Á þessu ári eru fimmtíu ár liðin frá stofnun Rótarýklúbbs Seltjarnarness. Stofnfundur klúbbsins var haldinn í anddyri íþróttahússins á Seltjarnarnes 20. mars 1971, stofnbréf Rótarýklúbbs Seltjarnarness var síðan veitt af Alþjóðasambandi Rótarý á Þjóðhátíðardegi Íslendinga 17. júní 1971, og var í kjölfarið haldin fullgildingarhátíð 25. júní 1971 í Félagsheimili Seltjarnarness til að fagna viðurkenningunni.

Þar sem samkomutakmarkanir voru nokkuð þröngar fram eftir sumri á árinu var afmælishátíðinni frestað til 23. október sl. og var hún haldin í Nauthóli að viðstöddum Guðna Th. Jóhannessyni forseta, Íslands og Ásdís Helgu Bjarnadóttur umdæmisstjóra Rótarý á Íslandi. Í ávarpi sínu dró Guðni forseti fram söguþekkingu sína og fræddi hátíðargesti meðal annars um veldi Seltjarnarneshrepps hins forna,

sem náði allt frá Gróttu að Elliðaám og frá Kollafirði til Skerjafjarðar, þar sem veitingahúsið Nauthóll stendur. Þannig má halda því fram að klúbburinn hafi ekki leitað út fyrir bæjarmörkin heldur aftur í söguna í sókn sinni eftir vettvangi á heimaslóðum til hátíðarhalda sinna.

Viðtæk starfsemi Rótarý á heimsvísu

Ásdís Helga ávarpaði einnig hátíðargesti og fór í stuttu máli yfir starfsemi Rótarý á heimsvísu, sem er viðtækari en margan kann að gruna. Rótarý er meira en aldargömul alþjóðleg hreyfing fólks sem stendur fyrir mannúðar- og menningarstarfi, bæði alþjóðlega og í nærumhverfi einstakra klúbba. Meðal þekktustu verkefna alþjóðlegu hreyfingarinnar er þátttaka hennar í áætlun um útrýmingu lömunarveiki í heiminum, sem staðið hefur yfir



Guðni Th. Jóhannesson, forseti Íslands, Ólöf Guðfinnsdóttir og Guðmundur Ásgeirsson, nýr heiðursfélagi Rótarýklúbbs Seltjarnarness.

í 35 ár og stuðlað að fækkun tilvika lömunarveiki um 99.9%. Önnur verkefni snúast um að stuðla að friði, sjá fólki í þróunarlöndum fyrir hreinu vatni og hreinlætisaðstöðu, veita aðstoð við mæður og börn, styðja við menntun og styðja við umhverfismál, svo eitthvað sé nefnt.

Guðmundur Ásgeirsson heiðursfélagi

Ásdís Helga ræddi einnig starfsemi Rótarýklúbbs Seltjarnarness, en í fimmtíu ára sögu sinni hefur klúbburinn komið að fjölmörgum málefnum. Meðal þeirra verkefna og viðburða sem klúbburinn stendur fyrir má nefna verðlaunaveitingar til nemenda Mýrar- og Valhúsaskóla sem skara fram úr í skólasundi, bókaverðlaun til nemenda í

Valhúsaskóla fyrir framúrskarandi námsárangur og Kaldalónsskálina, tónlistarviðurkenningu í minningu Selmu Kaldalóns, sem er veitt fyrir frábæran árangur í tónlistarnámi. Þá hefur klúbburinn gefið út örnefnakort á Nesinu, sett upp fræðsluskilti, gróðursett tré í Björnslundi við Bakkavör, auk þess að annast varðveislu og framkvæmdir við Albertsbúð, hús klúbbsins í Gróttu.

Á afmælisfundinum var Guðmundur Ásgeirsson útnefndur heiðursfélagi Rótarýklúbbs Seltjarnarness en Guðmundur hefur verið manna ötulastur í starfsemi klúbbsins, gegnt þar ýmsum embættum, meðal annars sem forseti klúbbsins og formaður Gróttunefndar um árabíl. Þau eru mörg verkefni klúbbsins sem náð hafa fram að ganga fyrst og fremst fyrir tilstilli hans.



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

BASARINN

Nytjamarkaður

Austurveri

Háaleitisbraut 68

Sími 562 6700

Opið virka daga 12-18



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

ALHLIÐA MÚR- OG STEYPUVIÐGERÐIR

Hafðu samband

Við skoðum og gerum tilboð!

www.husavidgerdir.is/hafa-samband
info@husavidgerdir.is - Sími 565-7070



Finndu okkur á
Facebook

Pungur rekstur en tækifærin bíða

Nú stendur yfir síðasta fjárhagsáætlunargerð bæjarstjórnar á þessu kjörtímabili og hefur áætlunin verið kynnt í bæjarstjórn. Fjárhagsáætlun Seltjarnarnesbæjar 2022 gerir ráð fyrir áframhaldandi halla á rekstri bæjarins en á síðustu fjórum árum hefur bærinn þrisvar verið rekinn með halla og stefnir allt í að árin 2021 og 2022 verði það einnig. Fjárhagsáætlunin næsta árs gerir ráð fyrir 1,5 milljón króna afgangi sem er 0,04% af rekstrargjöldum bæjarins. Við það má bæta að í umræðu um fjárhagsáætlunina kemur í ljós að gert er ráð fyrir talsverðri tekjuaukningu og útgjaldalækkunum á ýmsum liðum sem ekki eru útfærðir eða í hendi svo svigrúmið er lítið og óvissan mikil. [EGK1]

Brostin loforð

Nýr leikskóli var stóra kosningaloforð meirihlutans fyrir síðustu kosningar. Í stefnuskrá Sjálfstæðismanna var lofað að bjóða út byggingu nýs leikskóla strax haustið 2018. Í fjárfestingaáætlun bæjarins fyrir árið 2022 er aðeins gert ráð fyrir fjármunum í undirbúning fyrir byggingu nýs leikskóla og því ljóst að framkvæmdir munu ekki einu sinni hefjast á þessu kjörtímabili.

Málefni leikskólans hafa mikið verið rædd á kjörtímabilinu og hafa vinnubrögð meirihlutans þegar kemur að samskiptum við foreldra og starfsfólks leikskólans, seinangangur við

uppbyggingu sem og undirbúningur vegna inntöku barna orðið til þess að traust íbúa og starfsfólks á stjórnendum sveitarfélagsins hefur minnkað hratt.

Ósjálfbær rekstur Seltjarnarnesbæjar

Það kjörtímabil sem nú er að klárast hefur verið kjörtímabil, tapreksturs, gjaldskrárhækkana, niðurskurðar og þverrandi ánægju íbúa með þjónustu sveitarfélagsins (samkvæmt þjónustukönnun Gallups). Sú þjónusta sem bærinn veitir í dag kostar meira en bærinn fær í tekjur, þrátt fyrir mikla hagræðingu og gjaldskrárhækkunar síðustu ár. Rekstur sveitarfélagsins er því ósjálfbær miðað við núverandi tekjuforsendur. Greiningar Sambands íslenskra sveitarfélaga og annarra greiningaraðila eru á þann veg að rekstur sveitarfélaga muni þyngjast á næstu árum vegna launahækkana, þjónustuaukningar og hækkandi aldurs þjóðarinnar. Það liggur því í loftinu að taka þarf til skoðunar tekjuforsendur bæjarins til að ná sjálfbærni í rekstri og geta brugðist við þeim breytingum sem fyrirséðar eru á næstu árum.

Tækifærin framundan

Þrátt fyrir að síðustu ár, fyrir og eftir Covid hafi verið þung í rekstri sveitarfélagsins og umræðan hafi því aðallega verið um hvernig megi verja þjónustu við íbúa í stað umræðu um hvernig má sækja fram, þá eru fjölmörg tækifæri í

stöðunni með skýrri stefnu og markvissri stjórnun.

Útsvarstofn Seltjarnarnesbæjar er sterkur þrátt fyrir fámennið og skuldsetning er ekki of mikil. Hámarksútsvar sem sveitarfélög innheimta á Íslandi er 14,52% en Seltjarnarnesbær innheimtir 13,70%. Ef Seltjarnarnesbær myndi innheimta 14,48% í útsvar líkt og nágrannasveitarfélögin Kópavogur, Hafnarfjörður og Mosfellsbær gera þá myndi það duga til að snúa við taprekstri bæjarins, bæta fjármögnun til viðhalds eigna og minnka lántöku. Með rekstur sveitarfélagsins í jafnvægi væri hægt að eyða minni tíma í átök og björgunaraðgerðir og nýta starfskrafta starfsfólks og fundi sveitarstjórnarfólks betur til að vinna stefnumiðað að bættri þjónustu við íbúa. Seltjarnarnesbær hefur fulla burði til þess að reka bæjarsjóð hallalaust og halda úti metnaðarfullri þjónustu við bæjarbúa sem kjósa að búa í sveitarfélagi þar sem er frábært að alast upp og eldast.

Guðmundur Ari Sigurjónsson
Bæjarfulltrúi Samfylkingar Seltiminga



Guðmundur Ari Sigurjónsson.

Mundu eftir
Aukakrónunum
um jólin

Þú getur keypt næstum hvað sem er fyrir Aukakrónur hjá yfir 200 samstarfsaðilum okkar um allt land. Þú sérð stöðuna á krónunum þínum í appinu.

Kynntu þér Aukakrónur á landsbankinn.is

FÉLAGS- OG TÓMSTUNDASTARF ELDRÍ BÆJARBÚA

Góðar stundir hjá eldri borgurum

Pegar síðasta grein okkar í Nesfréttum var sett inn héldum við að nú værum við að komast fyrir vind varðandi covid og full bjartsýni á komandi vikur og nýtt ár. Enn og aftur fáum við áminningu, þetta er ekki alveg búið.

Eldri borgarar standa þó betur að vígi í þessari bylgu en þeim fyrri þar sem langflestir hafa fengið svokallaðan örvunarskammt bóluferis.

Við sáum það á þátttöku í viðburðum og almennri dagskrá að fólk var farið að slaka aðeins á og nýttum við vel þetta hlé sem gafst seinni partinn í október og byrjun nóvember.

Dagskráin var þéttskipuð þann tíma og mælanleg aukning í þátttöku. Föstudaginn 22. október var fjölmenn rútuferð í Borgarleikhúsið á 9 líf Bubba, sem að allra dómi var stórkostleg sýning.

Þriðjudaginn eftir leikhúsförðina var Bubbi svo gestur 100 manna samverustundar eldri borgara í kirkjunni þar sem hann talaði um viðhorf sitt til lífsins. Eftir stundina var svo boðið upp á veitingar í safnaðarheimilinu.

Menningarferðin í bæinn þann 28. október var bæði fróðleg og skemmtileg, en þá var farið í heimsókn í bæði Listasafn Íslands og í Ráðhúsið og endað í kaffi í nýja hótelinu Edition við Hörpu.

Þriðjudaginn þar á eftir eða 2. nóvember var stór hópur ungmenna sem leggja stund á félagsmálafræði í Valhúsaskóla með skemmtilega heimsókn í salinn á Skólabraut. Kynslóðirnar mættust í æsispennandi spurningkeppni, spjalli og veitingum. Það var samdóma álit allra að svona stundir mættu vera reglulega og vonandi stendur það til. Samverukvöldið okkar / happy hour þann 3. nóvember var vel lukkað og vel sótt og góðar veitingar og sendum við Sólveigu Pálsdóttur, rithöfundu okkar bestu þakkir fyrir komuna, lesturinn og spjallið.

Svo var komið að bingóinu góða í golfskálanum, en Haukur framkvæmdastjóri Nesklúbbsins hefur í nokkur ár boðið eldri borgurum í bingó og punga (ástarpungar og kleinur í kaffihléi) bæði á vorönn og haustönn og nú voru liðin tvö ár frá síðasta bingói í skálanum og var að vonum gaman að koma þangað aftur eftir svo langan tíma og sendum við Hauki okkar bestu þakkir fyrir móttökurarnar.

Í þessu covid hléi höfum við einnig náð að halda úti hefðbundinni dagskrá með öllum föstum liðum án nokkurra hafta.

Nú er svo komið að við finnum fyrir ástandinu enn einu sinni og leikhúsförðin sem til stóð að fara á í Borgarleikhúsið þann 9. desember, **Er ég mamma mín, henni er frestað fram á næsta ár eða til 23. janúar.**

Jólahlaðborðið í Kriunesi er þó enn á dagskrá þegar þessar línur eru skrifaðar og verður farið fimmtudaginn 25. nóvember að öllu óbreyttu. Hvað næstu dagar og vikur bera svo í skauti sér verður að koma í ljós hvað félagsstarfið varðar, við höldum okkar striki varðandi fasta liði en förum hægt í aðra viðburði. Minnum þó á að við stefnum ótrauð á aðventusamveruna í salnum á Skólabraut miðvikudaginn 15. desember kl. 15.00.

Þá fáum við góða gesti í heimsókn, höfum jólalegt í kringum okkur og bjóðum upp á heitt súkkulaði og jólabakkelsi.

Munum öll að fara varlega, viðhöldum almennum sóttvörnum og grímnotkun þar sem það á við. Starfsfólk félagsstarfsins hvetur fólk til að kynna sér dagskrána. Starfið er opið öllum.

BÓKAÐ MÁL



Staflar

Vindurinn ylir við hverja rifu. Það er vetur á bókasafninu og í kringum mig vagga staflar af glænjum bókum. Við skráum, stimplum, plöstum og styrkjum alveg stanslaust en þetta virðist engan endi ætla að taka. Auðvitað gleðjumst við yfir hverjum nýjum titli en stundum hugsar maður: Hvað er eiginlega málið með allar þessar bækur?

Stöðugt koma sendingar og fleiri nýir titlar, flestir á íslensku. Þetta eru fræðirit, skáldskapur, matreiðslubækur og ævisögur og allt annað sem hugurinn gírnist. Miðað við útgáfuna er eftirspurnin líklega mest eftir spennusögum og ævisögum en þannig hefur það ekki alltaf verið.

Mér verður hugsað til bóka um þjóðlegan fróðleik sem voru ein vinsælasta bókmenntagreinin á Íslandi á 20. öldinni og eru enn vinsælar á bókasófnum en eru nánast hættað að koma út nema í endurútgáfum. Hvað varð um þær? Í bókinni *Bókasafn föður míns* veltir Ragnar Helgi Ólafsson upp þeirri hugmynd að veraldarvefurinn hafi tekið við hlutverki bókanna um þjóðlega fróðleikinn. Hann segir:

Bækur með þjóðlegum fróðleik eru sjaldnast samfelldur texti, þær eru líkari krúkkuborg ... safn af leifum, brotum, hlutum af heild.

Eins og á vefnum þar sem allt er *krossað, tengt, laust við skýr landamæri, ekki endanlegt, opið ...*

Bókmenntagreinir og form hverfa nefnilega ekki svo glatt af sjónarsviðinu heldur umbreytast og skipta um hlutverk í takt við tímann. Staflarnir breytast auðvitað á milli ára en þeir eru ekkert að minnka.

Þótt færri Íslendingar lesi bækur en áður sláum við ekki slöku við þegar kemur að því að skrifa þær. Nú virðist annar hver gestur á bókasafninu vera nýbúinn að gefa eitthvað út. Ljóðabókina sem hefur legið innst í fataskápnnum eða ævisögu frænkunnar sem talað hefur verið um í fjölskylduboðum síðustu tíu árin.

Óvænt hagléi trommar á gluggakarm og ég sný mér aftur að bókunum. Ég gríp þá næstu úr staflanum til frágangs og les utan á ilmandi kápana.

Hvað er eiginlega málið með allar þessar bækur?

Mikið svakalega erum við heppin!

TRYGGVI STEINN STURLUSON
Bókavörður á Bókasafni Seltjarnarness

BÍLAVIÐGERÐIR GRANDA

S: 562 5999



S: 669 5999

FISKISLÓÐ 83 - 101 REYKJAVÍK

FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 11-16
alla virka daga

Verið velkomin

Bergsteinar
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, www.bergsteinar.is

Hverjir verða í næstu bæjarstjórn á Seltjarnarnesi

Sveitarstjórnarkosningar eru á komandi vori. Gera má ráð fyrir að fljótlega upp úr áramótum fari framboðsaðilar að setja sig í stellingar hvort sem efnt verður til prófkjöra eða framboð ákveðin með öðrum hætti. Nokkur sérstaða er á Seltjarnarnesi þar sem Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér í framboð og hyggst hætta sem bæjarstjóri. Nesfréttir lögðu aðeins við hlustir.

Vitað er um nokkra einstaklinga sem hafa munu hug á að leiða framboð Sjálfstæðisflokksins eða vera framarlega á framboðslista. Magnús Örn Guðmundsson forseti bæjarstjórnar er líklegur til þess að sækjast eftir forsæti listans og ef til vill að verða bæjarstjóri. Þór Sigurgeirsson fyrrum bæjarfulltrúi hefur lýst áhuga á að koma aftur inn í pólitíkina eftir nokkurt hlé og jafnvel að leiða framboðslista verði eftirspurn eftir því. Nýtt nafn hefur skotið upp kollinum hvað framboðsmál og bæjarstjóraefni

varðar en það er Árni Helgason fyrrverandi formaður ungra sjálfstæðismanna. Ljóst er að Árni hefur hug á að blanda sér í slaginn. Fleiri nöfn ber á góma. Skafti Harðarson bauð fram sér framboðslista við síðustu bæjarstjórnarkosningar og vantað aðeins fá atkvæði til þess að komast í bæjarstjórnina. Nú er hann að eigin sögn að íhuga málið hvort hann eigi að etja kappi við gamla félagi í Sjálfstæðisflokknum. Skafti lýsti því yfir í spjalli við Nesfréttir eftir síðustu bæjarstjórnarkosningar að hann hefði ekki sóst efir starfi bæjarstjóra hefði hann náð inn og myndað meirihluta með gömlu félögunum heldur farið fram á að ráðin yrði bæjarstjóri utan bæjarstjórnarinnar. Þá hafa nöfn Guðmundar Helga Þorsteinssonar formanns ÍTS borið á góma og vitað er að Ragnhildur Jónsdóttir formaður Skipulags- og umferðarnefndar hafa áhuga á setu á framboðslista til bæjarstjórnar. Ekki liggur fyrir hvort fleiri en Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri hyggist



Grotta djásn Seltjarnarness.

hverfa úr bæjarmálunum. Lýkur eru þó til að Bjarni Álfþórsson muni ekki gefa kost á sér og ekki er vitað um Sigrúnu Eddu Jónsdóttir.

Allar líkur eru til að Guðmundur Ari Sigurjónsson muni leiða lista Samfylkingarinnar og Sigurþóra Bergsdóttir haldi einnig áfram. Engin ákvörðun hefur verið tekin um annað en að Samfylkingin bjóði fram eigin list en slái ekki í samstarf

við aðra. Um framboðsmál Neslistans er lítið vitað enn sem komið er. Sá orðrómur hefur heyrst að ekki sé áhugi fyrir að núverandi oddviti hans Karl Pétur Jónsson haldi áfram í forystusæti og að leita verði annars aðila eigi Neslistinn að bjóða fram. Um önnur framboð er heldur ekki vitað. En – allt þetta mun skýrast á næstu mánuðum.

Smurþjónusta
Engar tímabantanir!

Kæru nágrannar, við viljum minna á þjónustu okkar í Vatnagörðum 12

Komdu í bílaþrif eða
nýttu þér smurþjónustu
Motormax



Djúphreinsun - Bón - Léttþrif
Alþrif - Mössun - Ceramic húðun

MotorMax

Motormax ehf.
Vatnagörðum 12
Sími 545 4040
motormax@motormax.is



Pétur tekur við meistaraflokki kvenna

Ánægjulegt er að segja frá því að knattspyrnudeild Gróttu hefur gengið frá samningi við Pétur Rögnvaldsson sem aðalþjálfara meistaraflokks kvenna til næstu tveggja ára.

Hinn 28 ára gamla Pétur þarf ekki að kynna fyrir Gróttufólki en hann hefur þjálfað hjá knattspyrnudeildinni frá árinu 2015. Pétur var ráðinn aðstoðarþjálfari meistaraflokks kvenna í janúar 2019 og um haustið 2020 varð hann aðalþjálfari ásamt Magnúsi Erni. Pétur er með UEFA-B þjálfaragráðu og BSc gráðu í rekstrarverkfræði frá Háskólanum í Reykjavík. Knattspyrnudeild Gróttu fagnar því að hafa Pétur áfram með meistaraflokk kvenna.



Pétur Rögnvaldsson tekur við meistaraflokkni kvenna.

Arnfríður Auður og Pétur Kári valin í Hæfileikamótun KSÍ

Pétur Kári Hannesson var valinn í hóp leikmanna til æfinga í Hæfileikamótun N1 og KSÍ dagana 20.-22. október.

Pétur Kári er á yngra ári í 3. flokki. Arnfríður Auður Arnarsdóttir, leikmaður 4. flokks kvenna, var í hópi leikmanna sem voru valdir til að taka þátt á æfingum í Hæfileikamótun stúlkna dagana 27.-29. október 2021. Æfingarnar fóru fram í Skessunni í Kaplakrika í Hafnarfirði og 64 stúlkur frá félögum víðs vegar af landinu voru boðaðar til æfinga.

Grótta er hreykið af því að eiga þessa flottu fulltrúa í þessum tveimur hópum.



Kjartan Kári og Arnþór Páll æfðu með Bodö/Glimt

Kjartan Kári Halldórsson og Arnþór Páll Hafsteinsson æfðu með Noregsmeisturum Bodö/Glimt í nokkra daga í október. Þeir æfðu aðallega með unglingaliðum félagsins en fengu einnig tækifæri til að æfa með aðalliðinu, daginn eftir frækinn 6-1 sigur Bodö/Glimt á Roma í Evrópudeildinni.

Gera má ráð fyrir að reynslan verði frábær fyrir Gróttumennina ungu en ferðin er þáttur í afreksstefnu Gróttu sem meðal annars felur í sér samvinnu með erlendum félögum.

Chris Brazell þjálfari meistaraflokks karla er ánægður fyrir hönd strákanna:

„Grótta er lítið félag sem þarf að fara ótroðnar slóðir til að halda í við, og gera betur en önnur félög. Mikið fjármagn er ekki aðalatriðið í þróun ungra leikmanna og því stefnir Grótta að því að búa ungunum leikmönnum sem eru að hefja sinn meistaraflokksferil besta umhverfi á landinu. Umræddir leikmenn (strákar og stelpur) geta verið uppaldir í Gróttu, lánsmenn frá öðrum félögum eða leikmenn sem við komum auga á (e. scouting) og fáum til liðs við okkur. Við viljum hjálpa ungunum leikmönnum að bæta sig innan okkar raða og hjálpa þeim þannig að taka næstu skrefin á sínum knattspyrnuferli.

Hluti af þessari nálgun hjá Gróttu er að gefa ungunum leikmönnum tækifæri til að fara í heimsóknir til atvinnumannafélaga og upplifa æfingar og umhverfi eins og það gerist best. Ég tel það alls ekki síðra en að fara á "trial" þar sem pressan er mikil og skemmir oft upplifunina. Heimsóknir eins og Arnþór og Kjartan eru í núna bæta miklu við reynslubankann og geta hjálpað leikmönnum síðar meir að aðlagast og líða vel komist þeir út í atvinnumennsku.

Grótta fagnar samstarfinu við Bodö/Glimt. Reynslan er frábær fyrir strákana og við hlökkum til að eiga gott samband við félagið og starfsfólk þess.



Rut Heiðarsdóttir valin í U16 ára landsliðið

Rut Heiðarsdóttir, leikmaður 3. flokks kvenna, var valin í æfingahóp U16 ára landsliðsins sem æði saman í Skessunni í Kaplakrika dagana 18.-19. október.

Knattspyrnudeild Gróttu er hreykið af því að eiga fulltrúa í þessum hóp og óskar hinni efnilegu Rut til hamingju með það!



GETRAUNANÚMER GRÓTTU

170

1X2
GETRAUNIR.IS




RECARO

Barnabílstólar í úrvali



BÍLASMIÐURINN HF

Bildshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is

Er hleðslukerfi rafbíla hausverkur í húsfélaginu?

Við aðstoðum við að leysa málin með hagsmuni húsfélagsins að leiðarljósi! Allt frá úttekt á fyrirkomulagi til heildarumsjónar með rafbílahleðslukerfi húsfélagsins.

Bílastuð Eignaumsjónar - Þrjár þjónustuleiðir í boði:

- » **Bílastuð 0** - úttekt á hleðsluástöðu og framkvæmdaáætlun
- » **Bílastuð 1** - sérhæfð innheimta fyrir húsfélög vegna rafbílahleðslu
- » **Bílastuð 1+1** - heildarumsjón með rafbílahleðslu í húsfélögum



DEKRAÐU VIÐ ÞIG OG ÞÍNA Í DESEMBER



Kyngimögnuð ítölsk kerti

Umhverfisvæn kerti að fornum ítölskum sið.
Mynd- og orðaskreytt með háskerpu vaxprentunartækni.
Einstök í heiminum.
Kerti er ekki bara vax. Kerti er list.



Jógadýnur og fylgihlutir

Allskonar jógadýnur og fylgihlutir.
Enduruninn ull og korkur frá Asanas.
Klassískar frá Manduka.



Jóga- og kósýföt

Lífrænn og umhverfisvænn
dásæmdar fatnaður sem
þú vilt verja 80% af tíma þínum í.
Buxur, bolir, samfestingar,
túníkur og kjólar.
Ripple, Spiritual Gangster, BySirry.



Baðdekur af bestu gæðum

Fjölbreytt spa- og baðlína: Húðburstar, svampar, hanskar, naglaburstar,
hárbönd, augnhvilur og allskyns. Hydréa London hlaut nýlega "Good Brand
Award" fyrir umhverfisvitund og sjálfbærni.
Leiðandi í baðdekrei í heiminum í dag.



www.systrasamlagid.is

Þríkrossinn



Skartgripur með táknræna merkingu, seldur til styrktar blindum og sjónskertum á Íslandi.
Íslenskt handverk. Fæst um land allt.

BLINDRAFÉLAGIÐ
Samtök blindra og sjónskertna á Íslandi
STOFNAD 1939
Stuðningur til sjálfstæðis



Afgreiðslutími:
Mán: 11-16
Þri-fös: 11-18
Lau: 11-16

ÓÐINGSGÖTU 1, REYKJAVÍK
systrasamlagid.is
@systrasamlagid
Sími: 511 6367

BYKO



Skannaðu kóðann

**Er ekki tilvalið
að hlusta á smá
jólatónlist?**



Undirbúningur jólanna hefst í BYKO

Fizzy ljósahringur 45cm, 50 ljós, brass **6.495** kr. | vnr. 51881187

Nýtt - nú eru komnir sjálfsafgreiðslukassar á Grandann!

Afgreiðslutími

Virka daga **8-18**

Laugardaga **10-18**

Sunnudaga **11-17**

www.byko.is



BYKO
GRANDI
KOMDU Í HEIMSÓKN!



Jólavörurnar eru komnar á byko.is